

Aðalfundur GDLH 2019

Haldin þann 13.nóvember 2019 í húsakynnum ÍSÍ í Laugardalnum.

Dagskrá

1. Fundur Settur - Kjör fundarstjóra og ritara
2. Fundargerð síðasta aðalfundar
3. Skýrsla stjórnar – Erlendur Árnason
4. Ársreikningar lagðir fram – Ágúst Hafsteinsson
5. Skýrslur nefnda – Valdimar M. Ólafsson
6. Lagabreytingar
7. Ákvörðun félagsgjalda
8. Kosning stjórnar
9. Önnur Mál
10. Fundi slitið

1. Erlendur Árnason formaður GDLH setur fundinn og býður félaga velkomna. Erlendur gerir það að tillögu sinni að Sigurður S. Pálsson yrði fundarstjóri og Gísli Guðjónsson ritari samþykkt af fundarmönnum.
2. Sigurður tekur til starfa og leggur fundargerð síðasta aðalfundar til samþykktar gegn því að hún verðir sett á heimasíðu GDLH að loknum fundi. Það er samþykkt án mótbára.
3. Erlendur Árnason flytur skýrslu stjórnar og fer yfir starf vetrarins og hverjir sátu í stjórn þetta kjörtímabilið. Á starfsárinu voru haldnir 9 formlegir stjórnarfundir, auk vinnufunda með fræðslunefnd og annarra samræðna á facebook.

Erlendur hvetur næstu stjórn til þess að finna betra lag á því hvernig dómaraúthlutun fer fram þar sem mikið er um tilfæringar og forföll á meðal dómara.

Erlendur fer yfir að of lítill áhugi er hjá stjórn LH að hjálpa til við að breiða út boðskapinn um gæðingakeppnina

Sigurður S. Pálsson býður umræður opnar um skýrslu stjórnar.

Sigurður Ævarsson fær orðið og setur út á það að engar fundargerðir hafi komið frá þessu starfsári og jafnframt vanti frá síðasta starfsári. Kemur

sérstaklega inn á fundargerðir sem skrifaðar voru í aðdraganda Landsmóts þar sem yfirlýsing kom fram í fjölmiðlum.

Sigurður Ævarsson þakkar fyrir góð mót bæði innan- og utanhúss sem stjórn GDLH stóð fyrir í vetur. Þó svo að LH hefði átt að standa í því en ekki dómáranir sjálfir.

Umræður skapast um það hvort mótahald eigi að vera á höndum GDLH.

4. Ágúst Hafsteinsson fer yfir ársreikninga ársins 2018-2019. Staða félagsins er góð og tekjur hafa komið inn af námskeiðum. Hagnaður ársins er 253.232 krónur. Eigið fé og skuldir samtals 1.742.249 krónur. Reikningar ársins samþykktir einhljóða.

5. Valdimar M. Ólafsson formaður fræðslunefndar flytur skýrslu hennar. Fyrsta námskeið ársins var í Þýskalandi þar sem 9 nýdómarar bættust í hópinn. Samhæfingarnámskeið var haldið í Svíþjóð 18.-19. Janúar, 23 dómarar mættu frá Svíþjóð og 2 frá Finnlandi. Nýdómaranámskeið var haldið í Danmörku 24.-26. Janúar. 10 sóttu námskeiðið frá Danmörku, 3 sóttu námskeiðið frá Finnlandi og einn frá Færeyjum. Níu náðu nýdómaraprófi og einn landsdómaraprófi. Samhliða námskeiðinu í Danmörku var haldið samhæfingarnámskeið. Samhæfingarnámskeiðin á Íslandi voru haldin með þriggja vikna millibili í Reykjavík og á Hólum í Hjaltadal. Nýdómarapróf og Landsdómarapróf voru tekin á Íslandi og náðu 7 nýdómaraprófi og 2 landsdómaraprófi.

Umræður skapast meðal fundargestum um dómgæslu á skeiði í A-flokki.

6. Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

7. Félagsgjöldin eru 3000 krónur og lagt er til að þau séu óbreytt. Samþykkt.

8. Kosning til stjórnar

Erlendur Árnason tekur orðið og þakkar fyrir stjórnarárið en hann hefur ákveðið að stíga til hliðar af persónulegum ástæðum.

Jón Þorberg Steindórsson býður sig einn fram til formanns og er það samþykkt af fundarmönnum.

Í kosningu eru tvö sæti til tveggja ára.

Framboð í aðalstjórn tvö ár. Ágúst Hafsteinsson býður sig fram, Randi Holaker býður sig fram, Ólafur Árnason býður sig fram.

Kosning fór á þann veg
Randi Holaker = 22 atkvæði
Ágúst Hafsteinsson = 21 atkvæði
Ólafur Árnason = 1 atkvæði

Í kosningu á sæti til 1 árs
Reynir Örn Pálmason = 18 atkvæði
Ólafur Árnason = 2 atkvæði
Auðir seðlar = 2

Í kosningu til varastjórnar
Darri Gunnarsson og Jóhann G. Jóhannesson bjóða sig einir fram og eru
kosnir til stjórnar.

Sigurður Staumfjörð Pálsson og Gísli Guðjónsson skoðunarmenn
reikninga.

Stjórn GDLH starfsárið 2019-2020

Jón Þorberg formaður
Ágúst Hafsteinsson
Sigurður Sigurðarson
Randi Holaker
Reynir Örn Pálmason til eins árs

Varastjórn:
Darri Gunnarsson
Reynir Örn Pálmason

9. Önnur mál.

Þórir Örn Grétarsson grípur orðið og lýsir yfir áhyggjum af ládeyðu í
kringum gæðingakeppnina. Jói G tekur undir og nefnir
Hvítasunnukappreiðar Fáks og fleiri stórmót sem hafa fallið frá á
síðastliðnum árum.

Umræður skapast um hvað hægt er að gera til að auka hróður
gæðingakeppninnar.

Súsanna S. Ólafsdóttir nefnir að lista þurfi upp betur hvert er hlutverk
Yfirdómara auk þess að nefna að henni finnst að þískur megi verða hluti

af gæðingakeppni þar sem knapar noti hann ekki til að þíska hestum áfram heldur er hann eðlilegur hluti af reiðbúnaði nútímans. Marjolijn Tiepen nefnir að það þurfi að koma upp vakning meðal knapa að taka þátt í gæðingakeppni. Umæður skapast um gæðingakeppnina í heild sinni. Mjög skemmtilegar umræður og ýmis mál rædd.

10.Fundi slitið.